

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi **bæjarstjórn** breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 102 8. ágúst 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Dorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

fyrir Sundlaugarnar í Reykjavík.

1. Einstakir aðgöngumiðar:			
Fullorðnir	kr.	8.00
Börn	—	2.50
2. Afsláttarmiðar:			
Fullorðnir	10 miðar	— 60.00
—	20 —	— 105.00
Börn	10 —	— 20.00
—	20 —	— 35.00
3. Sundnámskeið — 20 skipti:			
Fullorðnir	—	200.00
Börn	—	120.00
4. Leiga:			
Sundskýla	—	7.00
Sundbolur	—	8.00
Handklæði	—	7.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er gjaldskrá fyrir Sundlaugarnar í Reykjavík nr. 202 frá 11. desember 1961 úr gildi felld.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.